



**4. Fundur byggðaráðs Blönduósþæjar
mánudaginn 8. september 2014, kl. 16:00.**

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð:
 - a. Félags- og skólaþjónustu frá 7. ágúst 2014
 - b. Róta bs. málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi frá 26. mars 2014
 - c. Róta bs. málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi frá 24. júlí 2014
 - d. Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 15. ágúst 2014
 2. Erindi frá Félags- og skólaþjónstu frá 12. ágúst 2014
 3. Árbakkinn
 4. Námsvist utan lögheimlissveitarfélags
 5. Bréf frá USAH
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerð:
 - a. Félags- og skólaþjónustu frá 7. ágúst 2014
Lögð fram til kynningar
 - b. Róta bs. málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi frá 26. mars 2014
Lögð fram til kynningar
 - c. Róta bs. málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi frá 24. júlí 2014
Lögð fram til kynningar
 - d. Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 15. ágúst 2014
Lögð fram til kynningar
2. Erindi frá Félags- og skólaþjónstu frá 12. ágúst 2014
Byggðasamlag um Félags- og skólaþjónustu A-Hún. hefur borist umsókn um ferðaþjónustu fatlaðra vegna íbúa á Blönduósi. Aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins sjá um framkvæmd þjónustunnar. Fyrir fundinum liggja fyrir drög að samningi um ferðaþjónustuna.



Byggðaráð felur sveitarstjóra að gera breytingar á samningnum í samræmi við þær umræður sem urðu á fundinum.

3. Árbakkinn

Borist hefur kauptilboð í Árbakkann að upphæð 9.740.000.

Byggðaráð hefur hafnað tilboðinu. Byggðaráð samþykkir að fram fari frekari vinna við mat á verðmæti fasteignarinnar ásamt meðfylgjandi tækjabúnaði.

4. Námsvist utan lögheimlissveitarfélags

Borist hefur umsókn í námsvist í Blönduskóla.

Fært í trúnaðarbók

5. Bréf frá USAH

Ungmennafélag Íslands hefur úthlutað Ungmennasambandi Austur-Húnavatnssýslu næsta Landsmót 50+. Það verður haldið dagana 26.-28. júní 2015.

USAH óskar eftir að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu aðstoði við undirbúningsvinnuna m.a. með því að skipa einn sveitarstjórnarmann úr hverju sveitarfélagi í undirbúninghóp sem vinnur saman að því að gera Landsmót 50+ 2015 sem glæsilegast.

Byggðaráð samþykkir Valgarð Hilmarsson sem fulltrúa Blönduósbæjar.

6. Önnur mál

a) Vaxtarsamningur Norðurlands vestra

Nú er opið fyrir umsóknir í Vaxtarsamning Norðurlands vestra. Sveitarstjóra falið að kanna þau verkefni sem eru styrkhæf þau setur sem bærinn er aðili að.

b) Brimslóð 8

Byggðaráð spyr sveitarstjóra hvort svör hafi borist vegna Brimslóðar 8. Sveitarstjóri kvað svo ekki vera.

c) Afleysing fyrir aðalbókara Blönduósbæjar

Sveitarstjóri kynnti að aðalbókari Blönduósbæjar væri farin í veikindaleyfi. Sveitarstjóri hefur ráðið Jens P. Jensen í afleysingu.

Fundi slitið 19:30

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)